

**L Ö G**

**um breyting á lögum nr. 52 12. maí 1970, um eftirlit með skipum.**

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Á eftir 33. gr. komi ný grein, sem verður 34. gr., svo hljóðandi:

Bannað er að henda hvers konar netum, vörpum eða öðrum veiðarfærum eða hlutum úr þeim í sjó.

Varðar slíkt refsingu samkvæmt lögum þessum.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 29. maí 1972.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Hannibal Valdimarsson.*

**L Ö G**

**um breyting á siglingalögum, nr. 66/1963, sbr. lög nr. 14/1968.**

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

2. málsg. 205. gr. laga nr. 66/1963, sbr. 3. gr. 1. nr. 14/1968, orðist svo:

Ákvæði um takmarkaða ábyrgð gilda ekki um kröfur vegna lífs- eða líkams- tjóns skipstjóra, skipverja, annarra manna, sem ráðnir eru hjá útgerðarmanni, eða leiðsögumanns, enda hafi slys borið að höndum, er hlutaðeigandi var staddur á skipi eða vann í þágu skips. Útgerðarmaður ber ábyrgð á kröfum þessum, enda þótt slysið eða tjónið verði ekki rakið til bilunar á tækjum eða ónógra öryggis- ráðstafana né heldur vanrækslu eða yfirsjónar þeirra, er starfa í þágu skips. Lækka má fébætur eða láta þær niður falla, ef sá, sem fyrir slysi eða tjóni varð, hefur með framkomu sinni sýnt vitavert gáleysi, sem leitt hefur til slyssins eða tjónsins.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1972.

*Gjört í Reykjavík, 29. maí 1972.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Hannibal Valdimarsson.*